

SAMSTARFSSAMNINGUR

Jaðar kt. 421189-1889 og Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur (ÍTR) kt. 521286-1569 gera með sér svofelldan samning um rekstur íþróttastarfs og aðstöðu í Dugguvogi 8.

Markmið og tilgangur

1. gr.

Samningur þessi kveður á um samstarf ÍTR og Jaðars þar sem meðal annars koma fram þau verkefni sem félagið tekur að sér að sinna. Þá er skilgreint hvað Reykjavíkurborg leggur til vegna samstarfsins. Markmið samningssins er meðal annars að skapa félaginu sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir íbúum borgarinnar fyrsta flokks þjónustu bæði hvað varðar þjálfun barna, unglinga og afreksfólks og þjónustu vegna almenningsíþróttar og félagsstarfs.

2. gr.

Með samningnum leitast Jaðar og ÍTR við að tryggja framgang íþróttagreina Jaðars (s.s. hjólabretti, hlaupahjól, BMX, línuskauta, snjóbreitti og skíði) fyrir alla aldurshópa sem hana vilja stunda. Hið skipulega starf skal fara fram undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara eða leiðbeinenda og lögð skal áhersla á notkun öryggisbúnaðar. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi eins síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar. Í starfsemi, þar sem það á við, mun Jaðar leitast við að ráða til starfa fólk með menntun og reynslu á sviði tómsundamála. Jaðar leitast við að vera í samstarfi við þá aðila sem vinna að framgangi allra íþróttagreina Jaðars í borginni.

Í fylgiskjali með samningi þessum er gerð grein fyrir stefnu Jaðars varðandi kröfur til þjálfara og starfsfólks í barna- og unglingastarfi og áætlun starfsins til vors 2020. Jafnframt skal Jaðar leggja fram áætlun fyrir ÍTR um helstu verkefni og áherslur á samningstímabilinu.

3. gr.

Stjórn félagsins fer með réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum f.h. félagsins. Stjórnin gerir ÍTR grein fyrir því með hvaða hætti er staðið að starfsmanna- og þjálfaramálum svo sem við almenna opnun aðstöðunnar í húsi félagsins og námskeiðahald. Stjórn félagsins gerir jafnframt grein fyrir þeirri þjónustu sem félagið veitir að öðru leyti og fjármálum félagsins í tengslum við það.

4. gr.

Sérstök áhersla skal lögð á forvarnarstarf gegn hvers konar vímuefnum í öllu starfi á vegum félagsins í samvinnu við íþrótt- og tómsundasviðs og aðra samstarfsaðila í hverfinu.

Félagið ber ábyrgð á að öllum starfsmönnum félagsins, þjálfurum, leiðbeinendum og starfsmönnum mannvirkja félagsins séu kynntar þær reglur og lög um öryggi sem við eiga sbr. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ýmis ákvæði Hollustuverndar og evrópska staðla um búnað. Jaðar skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað.

Jaðar skal hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Jaðar skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. Jaðar skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að sambandið njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

5. gr.

Skipuð verði verkefnisstjórn sem í eiga sæti 1 fulltrúi Jaðars, 1 fulltrúi ÍTR og 1 fulltrúi frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar. Verkefnisstjórn skal vera formanni/framkvæmdastjóra Jaðar til stuðnings og ráðgjafar. Hlutverk verkefnisstjórnar er einnig að tryggja upplýsingamiðlun og samráð við aðra þá er gangast fyrir skipulegu frístundastarfi í borginni. Verkefnisstjórn skal hittast a.m.k. tvisvar á ári, að hausti og að vori.

6. gr.

Félagið mun fá í sinn hlut allar þær tekjur sem starfsemin kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan. Félagið getur einnig unnið að frekari notkun húsnæðisins til skyldrar starfsemi.

7. gr.

Telji ÍTR að starfsemi félagsins sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi á vinnustöðum, skal það skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er.

8. gr.

Reykjavíkurborg greiðir húsaleigu fyrir Dugguvog 8 samkvæmt samningi þar um við Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. kt. 681290-2309. Jaðri er heimilt að sækja um styrk til ÍTR vegna kostnaðar félagsins við endurbætur og viðhald búnaðar í aðstöðunni sinni. Skilyrði fyrir styrkveitingum er að félagið hafi staðið skil á ársreikningi og starfsskýrslu.

9. gr.

Samningur þessi gildir til 31. desember árið 2021. Heimilt er að endurskoða samning þennan eða fella úr gildi verulegar breytingar á umfangi rekstrar eða að forsendur fyrir rekstri breytast. Gert er ráð fyrir að samningur þessi verði tekinn til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðun þessa samnings skal fara fram eigi síðar en 1. maí 2020 og mat lagt á rekstrarniðurstöðu liðinna ára og framhald samnings.

Reykjavík, 11. febrúar 2020

F.h. Jaðars

F.h. Íþróttá- og tómsundasviðs
Reykjavíkur